



20. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn föstudaginn 21.10.2016 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Reimar Sigurjónsson, Karl Ásberg Steinsson, Aðalbjörn Arnarsson, Oddur Skúlason og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Innsent erindi, endurbætur á húsnaði Rarik, Þórshöfn

Rarik óskar eftir heimild til endurbóta á varaafsstöð að Langanesvegi 13 á Þórshöfn. Einnig er óskað eftir heimild til að fjarlægja elsta hluta hússins. Á þeim stað er fyrirhugað að útbúa olíuþró undir nýjan olíutank.

Umrædd fasteygn er víkjandi samkvæmd skipulagsramma gildandi aðalskipulags, svæðið er nú skilgreint sem miðsvæði. Á gildandi skipulagi er umrætt hús merkt „Byggingar til niðurrifs“.

Bókun: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir umræddar endurbætur fyrir sitt leiti en felur sveitarstjóra, með hliðsjón af ofangreindu, að afla upplýsinga um framtíðaráform Rarik varðandi nýtingu lóðarinnar.

Samþykkt samhljóða.

2. Innsent erindi, umsókn um niðurrif bílskúrs

Liður a. Umsókn um niðurrif bílskúrs við Langanesveg 12, Þórshöfn.

Gistiheimilið Lyngholt sækir um leyfi til að fjarlægja bílskúr sem stendur við gistiheimilið að Langanesvegi 12.

Bókun: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti að umræddur bílskúr verði fjarlægður.

Samþykkt samhljóða.

Liður b. ósk um álit á mögulegri byggingu bjálkahúss í stað bílskúrs.

Gistiheimilið Lyngholt óskar eftir álit nefndarinnar á byggingu bjálkahúss í stað bílskúrsins. Bjálkahúsið yrði í stíl við gistiheimilið og yrði mögulega 38,5 fermetrar. Verði álit nefndarinnar jákvætt færi leit að hentugu húsi fram og í kjölfarið myndi forsvarsaðili gistiheimilisins senda teikningar og nánari upplýsingar til nefndarinnar.

Bókun: Umhverfis- og skipulagsnefnd er jákvæð fyrir erindinu en minnir á að byggingin er háð grendarkynningu.

Samþykkt samhljóða.

3. Erindi frá sveitarstjórn – Nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga – ósk um umsögn

Sýslumaðurinn á norðurlandi eystra óskar umsagnar sveitarstjórnar Langanesbyggðar



LANGANESBYGGÐ

varðandi umsókn um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga. Sveitarstjórn óskaði umsagnar nefndarinnar.

Bókun: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir rekstrarleyfið fyrir sitt leiti.

Samþykkt samhljóða.

4. Erindi frá sveitarstjórn – Íslenska Gámafélagið – sorpurðun

Sveitarstjórn Langanesbyggðar óskar eftir álitni nefndarinnar á drögum að nýjum samningi sveitarfélagsins við Íslenska Gámafélagið um sorphirðu.

Bókun: Umræðu frestað.

5. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 13:40